

## Fundur í stjórn Félags náms- og starfsráðgjafa

Fimmtudaginn 25. ágúst, kl. 14:00 í Kringlunni

**Mættir:** Ingibjörg, Unnur, Soffía, Kristín Birna og Puríður. Margrét og Helga voru á skype.

### ● Upprifjun frá síðasta fundi

- a. Búa til bréf sem sent verður á stjórnendur skóla og stofnana þar sem hlutverk náms- og starfsráðgjafa er kynnt og minnt er á lögverndun starfsheitisins. Ingibjörg ætlar að setja uppkast af bréfi inn á drive-ið sem við munum vinna saman bréf og hafa það tilbúið fyrir næsta fund.
- b. Ekki gekk að halda sumarnámskeið í samstarfi við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafa fyrir n og s ráðgjafa í grunnskólum. Soffía og Margrét ætla að skoða þetta mál nánar.
- c. Íslandsmót iðn- og verknáms ásamt stóru framhaldsskólakynninginni – komin ný dagsetning vorið 2017. Stjórn Verkiðnar er búin er að boða til fundar 5. sept. sem Ingibjörg og Kristín Birna fara á.

### ● Uppskeruhátíð

Fyrirhuguð er uppskeruhátíð náms- og starfsráðgjafa 12. september, verður staðfest síðar.

### ● Stefnumótunarfundur

Föstudaginn 2. september verður haldinn stefnumótunarfundur fyrir allar nefndir og ráð FNS. Búið er að senda fundarboð. Ennþá vantar ráðgjafa í kjararáð grunnskóla og háskóla. Ingibjörg sendir póst á FNS póstlistann og óska eftir áhugasömum ráðgjöfum í þessi hlutverk.

### ● Ráðstefnan í Madrid

Uppselt er í ferðina sem félagið skipulagði, 39 manns verða í hópnum . Sett verður upp facebook grúbbu og öll samskipti fara framvegis þar fram.

### ● Ályktun v. stefnumótunnar

Engin viðbrögð hafa borist vegna ályktunarinnar sem var send út í vor. Hugmynd kom upp að senda út tilbúna frétt á fjölmiðla í tilefni 10 ára afmælis dags náms- og starfsráðgjafa sem er 20. október og koma þar á framfæri þessari ályktun og stöðu n og s ráðgjafa.

### ● Stéttarfélagsmál

Ekki náðist að senda út kynningarbréf í vor vegna stéttarfélagsmálsins. Það verður gert núna í september, bæði kynningarbréf og könnunin. Ingibjörg og Helga vinna í þessu.

- **Félagatal**

Ósk kom frá félagsmanni að fá félagatalið sent í tölvupósti. – Því miður er ekki hægt að verða við því.

- Önnur mál

- Skoða þarf netfangið [fns@fns.is](mailto:fns@fns.is). hver fær þann póst og hvernig er hægt að breyta því hverjir fá hann. Þurfið er í málið.
- Unnur ætlar að skoða dagatal með heilræðum, athuga með tilboð

- Næsti fundur verður 22. september klukkan 14:15 hjá VMST.